



## Batamerki á vinnumarkaði

Samkvæmt niðurstöðum vinnumarkaðsrannsóknar Hagstofu Íslands er áætlað að um 210.600 manns hafi verið á vinnumarkaði í maí 2021, sem jafngildir 80% atvinnuþátttöku. Af fólki á vinnumarkaði voru um 192.900 starfandi og um 17.600 atvinnulausir og í atvinnuleit, eða um 8,4% af vinnuaflinu.

Starfandi fólki fjölgaði um 10.500 milli ára og atvinnulausum fækkaði um 6.400. Hlutfall starfandi var 73,3% í apríl og hafði hækkað um 3,5 prósentustig frá maí 2020.

### Atvinnuþátttaka á uppleið




Í apríl í fyrra fór atvinnuþátttaka niður í 73,4% og hafði ekki verið lægri a.m.k. frá árinu 2003, þegar vinnumarkaðskönnunin hófst. Atvinnuþátttaka hefur sveiflast nokkuð síðan, í samræmi við stöðu sóttvarna á hverjum tíma, og mældist nú 80% sem er einu prósentustigi hærra en á sama tíma í fyrra.

Sé miðað við 12 mánaða hlaupandi meðaltal var atvinnuþátttaka mest um mitt ár 2017, en þá fór hún upp í 82%. Samsvarandi tala nú er 77,9% og hefur atvinnuþátttaka aukist nokkuð síðustu mánuði.

### Mismunandi mælingar á atvinnuleysi

Atvinnuleysi, samkvæmt mælingum Hagstofunnar, var 8,4% í maí sem er 3,2 prósentustigum hærra en á sama tíma í fyrra, en þá var mæling Hagstofunnar á atvinnuleysi óvenju há. Almennt atvinnuleysi skráð hjá Vinnumálastofnun var hins vegar 9,1% í maí og hafði aukist um 5,1 prósentustig milli ára. Því til viðbótar var atvinnuleysi vegna hlutabóta mælt sem 0,9% í maí og samanlagt atvinnuleysi því 10%.

Samkvæmt könnun Hagstofunnar höfðu alls um 36.500 einstaklingar þörf fyrir atvinnu í maí 2021. Sá fjöldi jafngildir 16,6% af vinnuafli og mögulegu vinnuafli. Af þessum hópi voru 48% atvinnulausir og 16% tilbúnir að vinna en ekki að leita að vinnu. 10% voru í vinnuleit en ekki tilbúnir að vinna og 25% voru starfandi en samtímis vinnulitlir og vildu vinna meira. Þessi tala Hagstofunnar, um 16,6% þörf fyrir atvinnu, er töluvert hærri en mæling Vinnumálastofnunar á heildaratvinnuleysi í maí,





sem var 10%. Samkvæmt þröngri skilgreiningu Hagstofunnar á atvinnuleysi var það hins vegar talið vera 8,4% í apríl.

### Vinnuafslnotkun eykst verulega milli ára

Starfandi fólki í maí fjölgaði um 5,8% miðað við fyrra ár. Á sama tímabili var vinnutími óbreyttur þannig að heildarvinnustundum fjölgaði um 5,8% milli ára. Heildarvinnustundum fjölgaði einnig nokkuð milli ára í apríl, en annars hafði verið um fækkun vinnuafslstunda að ræða í næstum hverjum mánuði allt frá upphafi ársins 2020.

### Mikil áhrif á vinnumarkaðinn


Nú er liðið rúmt ár frá því að faraldurinn sló höggi á vinnumarkaðinn hér á landi. Það á sérstaklega við um atvinnuleysið, sem náði nýjum, áður óséðum hæðum. Segja má að atvinnuleysið hafi verið meginásýnd þessarar kreppu. Aðrar stærðir, eins og fjöldi og hlutfall starfandi, atvinnuþátttaka og vinnuafslnotkun, færðust einnig í neikvæða átt á þessum tíma.

Nýjstu tölur benda markvisst til þess að botninum sé þegar náð, að bjartara sé framundan og að vinnumarkaðurinn sé farinn að styrkjast aftur.

Mælingar Vinnuálastofnunar á skráðu atvinnuleysi þokast sífellt niður á við. Þjóðin er nú næstum fullbólusett og þar að auki skipta aðgerðir stjórnvalda til að fjölga störfum, m.a. með ráðningarstyrkjum, miklu máli. Þá sýna niðurstöður Hagstofunnar nú að atvinnuþátttaka og vinnuafslnotkun séu á réttri leið.


Bjartsýni hefur aukist mikið í atvinnulífinu að undanfögnu. Þannig tók vísitala efnahagslífsins, sem endurspeglar mun á fjölda stjórnenda sem meta aðstaður góðar og slæmar, sitt hæsta stökk frá upphafi mælinga nú í júní.

Atvinnuleysi - 12 mánaða hlaupandi meðaltal



Heimild: Hagstofa Íslands, Vinnuálastofnun, Hagfræðideild Landsb.

Atvinna og vinnutími - maí 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.